

## Byggingarverkfræðideild VFÍ

### FUNDARGERÐ

#### Aðalfundur 2011-A

<b>Fundarstaður:</b> Turninn Höfðatorgi	<b>Fundur nr. :</b> 2011-A
<b>Fundarritun:</b> HB	
<b>Fundarmenn</b> U.p.b. 10 auk stjórnar; Böðvars Tómassonar (formaður), Smára Ólafssonar (varaformaður), Ingibjargar Guðmundsdóttur (gjaldkeri) og Harðar Bjarnasonar (ritari).	<b>Dags.:</b> 26.05.2011

<b>Umræður, ákvarðanir, niðurstöður:</b>
<b>1. Setning</b> Skúli Þórðarson, fyrrverandi formaður BVFÍ, var skipaður fundarstjóri og Hörður Bjarnason ritari. Skúli setti fundinn.
<b>2. Skýrsla stjórnar</b> Skúli kannaði lögmæti fundarins og bauð því næst formann félagsins, Böðvar Tómasson, í pontu. Böðvar fór yfir síðasta starfsár og er skýrslan meðfylgjandi þessari fundargerð. Skúli vildi einnig koma á framfæri ósk um að á svæði BVFÍ á heimasíðu VFÍ yrði sérstakt svæði þar sem hægt væri að nálgast lýsingar á viðburðum BVFÍ. Ný stjórn skoðar málið.
<b>3. Reikningur ársins 2010</b> Ingibjörg Guðmundsdóttir fór yfir reikninga ársins. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Rekstrarreikningur sýndi rekstrarhalla fyrir árið 2010 að upphæð -120.981 kr.</li> <li>• Efnahagsreikningur sýndi að staða reiknings er um 2,3 Mkr. Peningar félagsins eru varðveittir og ávaxtaðir með tryggum hætti.</li> <li>• Engar athugasemdir voru gerðar og reikningar því næst samþykktir.</li> </ul>
<b>4. Kjör skoðunarmanna reikninga</b> Lagt var til að Ægir Jóhannsson og Skúli Þórðarson yrðu áfram skoðunarmenn reikninga. Var tillagan samþykkt einróma.
<b>5. Stjórnarkjör</b> Stjórnin bar upp tillögu um nýja meðlimi í stjórn, sem voru Stefán Bjarnason frá Verkís og Guðmundur Valur Guðmundsson hjá Eflu. Ekki bárust önnur framboð í stjórn og var tillaga stjórnar samþykkt.
<b>6. Kynning á nýjum stjórnarmönnum</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Stefán Bjarnason er byggingarverkfræðingur og starfar hjá Verkís.</li> <li>• Guðmundur Valur Guðmundsson er byggingarverkfræðingur og starfar hjá Eflu.</li> </ul>
<b>7. Nýr formaður tekur til máls</b> Nýr formaður, Smári Ólafsson, tók til máls. Kynnti formaðurinn sinn bakgrunn og sagði frá hvernig seta í stjórn BVFÍ hefði komið honum fyrir sjónir. Þá lýsti hann sýn sinni á félaginu og á hvaða hátt hann vildi setja mark sitt á félagið. Í lokin þakkaði hann fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir gott starf og hlakkar til samstarfs með nýjum meðlimum.
<b>8. Önnur mál</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Skúli Þórðarson tók til máls og fjallaði stuttlega um iðorðastarfið og gerði m.a. grein fyrir samstarfi sínu við Íslenska málstöð og staðlaráð. Skúli hefur sett saman hóp til að vinna áfram í þessum málum. Þá fékkst nýlega styrkur úr Nýsköðunarsjóði og rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar fyrir stúdent til að vinna í sumar að þróunarverkefni um iðorðagerð í byggingarverkfræði. Búið er búið að finna stúdent til að vinna að þessum málum í sumar.</li> <li>• Fráfarandi formaður, Böðvar Tómasson, tók til máls og þakkaði fyrir gott samstarf. Ræddi hann stuttlega um nýlega sameiningu Stéttarfélags verkfræðinga og VFÍ og hugsanleg áhrif á störf BVFÍ. Böðvar hafði nýlega rætt við Árna Björn Björnsson, framkvæmdastjóra VFÍ, sem sagði að líklegt væri að deildin myndi</li> </ul>

starfa á svipaðan máta áfram. Þó er líklegt að stjórn BVFÍ verði að leggja fram starfs- og fjárhagsáætlun fyrir hvert ár í framtíðinni. Lög sem samþykkt voru á síðasta aðalfundi BVFÍ voru ekki tekin fyrir á síðasta aðalfundi VFÍ eins og gert hafði verið ráð fyrir og eru því enn ekki samþykkt formlega. Með sameiningu við Stéttarfélag verkfræðinga er hugsanlegt að það þurfi að endurskoða löggin og jafnvel samræma með öðrum deildum. Þá þakkaði Böðvar Skúla Þórðarsyni fyrir starf sitt hvað varðar íðorðastarfið og sleit í framhaldinu fundi formlega.

## Skýrsla stjórnar BVFÍ 2010 – 2011

Aðalfundur BVFÍ 2010 var haldinn í vinnubúðum Suðurverks þann 8. maí, sem hluti af vettvangsferð BVFÍ í Landeyjahöfn. Sem nýir meðlimir í stjórn voru kjörin þau Ingibjörg Guðmundsdóttir og Smári Ólafsson í stað þeirra Péturs Bjarnasonar og Skúla Þórðarsonar sem lokið höfðu tveggja ára setu í stjórn. Aðrir í stjórn BVFÍ eru Böðvar Tómasson og Hörður Bjarnason sem sitja sitt annað starfsár. Á fyrsta starfsfundi skipti stjórnin með sér verkum og auk Böðvars Tómassonar formanns, var Smári Ólafsson skipaður varaformaður, Ingibjörg Guðmundsdóttir gjaldkeri og Hörður Bjarnason var áfram ritari.

Formaður BVFÍ sat fulltrúaráðsfund VFI á haustmánuðum, þar sem rætt var um drög að nýjum siðareglum VFI. Haldinn var annar fundur með fulltrúum frá Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík þar sem ákveðið var að halda ráðstefnu um málefnið. Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar voru skipaðir Böðvar Tómasson VFI, Haukur Ingi Jónasson Háskóla Íslands og Hlynur Stefánsson Háskólanum í Reykjavík. Ráðstefnan var haldin í Norræna húsinu 17. nóvember og efni hennar hefur verið útvarpað í Ríkisútvarpinu. Í framhaldi af ráðstefnunni hófst vinna innan BVFÍ við að skilgreina nánari siðareglur fyrir félagið. Litið var sérstaklega til systurfélaga erlendis í þeim efnum. Þeirri vinnu er ekki lokið.

Áfram var unnið að því að koma frekara íðorðastarfi í gang. Árið 2010 var sótt um styrk til tveggja mánaða til Nýsköpunarsjóðs námsmanna, sá styrkur fékkst ekki. Styrkur til eins mánaðar fékkst frá Rannsóknarsjóði Vegagerðarinnar og samþykkti deildin að veita 2ja mánaða styrk til sumarstúdents til móts við styrk Rannsóknarsjóðsins. Ekki var ráðist í verkefnið 2010 þar sem hæfur einstaklingur fékkst ekki til verksins. Nú í vor var aftur sótt um styrk til Nýsköpunarsjóðs námsmanna, sem fékkst, auk þess sem framlenging fékkst á styrk Rannsóknarsjóðs Vegagerðinnar og hefur Skúli Þórðarson, fyrrverandi formaður fylgt því eftir. Ekki þurfti því að koma til mótframlags BVFÍ. Verkefnið felur í sér sumarvinnu stúdents undir handleiðslu sérfræðinga, við þróun og uppsetningu á íðorðabanka í byggingarverkfræði og skyldum greinum. Íðorðabankinn verður hluti af veflægum íðorðabanka á vegum Stofnunar Arna Magnússonar í íslenskum fræðum en aðgangur að honum er öllum opin án endurgjalds. Með uppsetningu á flokkunarkerfi íðorða fyrir undirgreinar byggingarverkfræðinnar verður til grunnur þar sem safnað verður saman þeim íðorðum sem unnin hafa verið á ýmsum sviðum.

Allir fundir og starfsemi er nú sett upp í form til varðveislu og kynningar á vef. Stjórnin hefur tekið upp þá nýbreytni að gera sérstakar dagskrárskýrslur, eftir hvern viðburð sem haldinn er á vegum deildarinnar, þar sem við komandi atburði er lýst í málum og myndum. Þær eru birtar eins og fundargerðir stjórnar BVFÍ á síðu deildarinnar undir vefsíðu VFI. Þar geta félagsmenn fylgst með starfi deildarinnar.

Á starfsárinu hefur BVFÍ staðið fyrir ýmsum atburðum, sem allir hafa verið vel sóttir. Deildin bauð félagsmönnum upp á vettvangsferð föstudaginn 4. febrúar um framkvæmdasvæði tónlistarhússins við Reykjavíkurborg - Hörpuna. Þar héldu erindi framkvæmdastjóri verkefnisins, Sigurður Ragnarsson hjá ÍAV auk þess sem Steindór Guðmundsson hjá Verkís hélt erindi um hljóðhönnun hússins. Að erindi loknu var farið í skoðunarferð um framkvæmdasvæðið en Harpa verður formlega opnuð í maí. Voru gestir almennt mjög ánægðir með þessa fræðandi og skemmtilegu heimsókn. Um 40 félagsmenn tóku þátt.

Haldnir hafa verið tveir hádegisfundir. Annars vegar var fundur um nýju skipulagslögin og aðal- og svæðisskipulag Reykjavíkur. Fyrirlesarar voru Stefán Thors, forstjóri Skipulagsstofnunar, sem fjallaði um nýju skipulagslögin sem tóku gildi 1. janúar 2011 og Haraldur Sigurðsson, verkefnisstjóri aðal- og svæðisskipulags Reykjavíkurborgar, sem fjallaði um vinnu við endurskoðun aðalskipulags borgarinnar og nýjar áherslur við gerð

Aðalskipulagsins. Fundargestir voru um 60. Hins vegar var boðað til fundar um Samfélagslega ábyrgð fyrirtækja en fyrirlesarar voru Guðrún Rögnvaldardóttir, framkvæmdastjóri Staðalráðs Íslands, sem fjallaði um nýjan alþjóðlegan staðal um samfélagslega ábyrgð, ISO 26000, og Ragna Sara Jónsdóttir, yfirmaður samskiptasviðs Landsvirkjunar, sem fjallaði um samfélagslega ábyrgð og þróun þeirra mála í heiminum og hjá Landsvirkjun. Fundargestir voru um 50.

Áfram hefur verið unnið í málefnum vegna styrktarsjóðar fyrir framhaldsnemendur sem eru að hefja meistara- eða doktorsnám, en Smári Ólafsson hefur verið skipaður sem fulltrúi BVFÍ í þá vinnu, sem unnin er undir merkjum VFÍ. Sú vinna er nú leidd af VFÍ og hyllir vonandi undir að málið verði afgreitt.

Þegar þetta er ritað stendur fyrir dyrum skoðunarferð í turninn að Höfðatorgi, þar sem boðið verður upp á fyrirlestra um bygginguna, auk þess sem aðalfundur félagsins verður haldinn í leiðinni, á 19. hæð byggingarinnar.

18. maí, 2011

*Böðvar Tómasson, formaður*

*Hörður Bjarnason, ritari*

*Ingibjörg Guðmundsdóttir, gjaldkeri*

*Smári Ólafsson, varaformaður*